



Félag löggiltra endurskoðenda

Úthlutunarreglur Námsstyrkja- og rannsóknarsjóðs FLE 2015

Formáli

Samkvæmt 5. grein skipulagsskrár sjóðsins skal stjórn setja sér reglur og leiðbeiningar um úthlutanir rannsóknarstyrkja árlega sem skulu liggja fyrir áður en auglýst er eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum.

1. Markmið sjóðsins

Markmið sjóðsins samkvæmt 2. grein skipulagsskrár er að styrkja bóklega menntun endurskoðenda á Íslandi með því að veita ýmist styrki til einstaklinga sem stunda framhaldsnám í endurskoðun og reikningsskilum eða með því að styrkja stofnanir sem standa fyrir slíku námi.

Einnig er markmið sjóðsins að veita styrki til eflingar rannsókna á sviði reikningshalds og endurskoðunar í þeim tilgangi að efla faglega umræðu um endurskoðun og reikningshald, viðhalda og auka faglega þekkingu endurskoðenda eða styrkja rannsóknir sem snerta beint hagsmuni FLE eða lögbundið hlutverk þess.

2. Stjórn sjóðsins

Samkvæmt skipulagsskrá Námsstyrkja- og rannsóknarsjóðs FLE er stjórn sjóðsins skipuð þremur mönnum. Formaður FLE skal vera formaður sjóðstjórnar. Árið 2015 skipa stjórnina eftirtaldir: Sturla Jónsson formaður, Símon Á. Gunnarsson og Guðmundur Snorrason.

3. Tegundir styrkja og umsóknarfrestur

Styrkir úr sjóðnum eru af tvennum toga; námsstyrkir og rannsóknarstyrkir.

- a) Við veitingu námsstyrkja skal við það miðað að styrkþegar hafi lokið bóklegu námi til löggildingar sem endurskoðendur og ætli sér framhaldsnám á því sviði. Styrkir til stofnana skulu tengjast doktorsnámi. Styrkir til stofnana geta einnig verið í þeim tilgangi að kosta að hluta til eða í heild einstaklinga við kennslu eða fræðastarf innan háskólasamfélagsins enda samræmist slík styrkveiting markmiðum sjóðsins.

- b) Við veitingu rannsóknarstyrkja skal horfa til þess að vísindalegt gildi fyrirhugaðra rannsókna skal vera ótvírætt og tengsl verkefnisins við markmið sjóðsins augljós.

Stjórn sjóðsins skal auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Eðlilegt þykir að auglýsa styrkina á heimasíðu FLE, í þeim háskólum sem kenna til meistaranáms í endurskoðun og reikningsskilum og í fjölmiðlum ef ástæða þykir til. Að undanskyldum ofangreindum kröfum skal stjórn sjóðsins taka allar ákvarðanir varðandi styrki og samninga við styrkþega og er henni heimilt að úthluta bæði höfuðstól sjóðsins og ávöxtun hans, að teknu tilliti til ákvæða 6. greinar skipulagsskrár sjóðsins.

Umsóknarfrestur um námsstyrk eða rannsóknarstyrk á árinu 2015 er til 15. september. Rafrænt umsóknareyðublað er að finna á heimasíðu FLE www.fle.is. Allir umsækjendur fá tilkynningu um hvort þeir hafa hlotið styrk eða ekki. Tilkynning þar að lútandi verði send í tölvupósti innan tveggja mánaðar frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Stjórn sjóðsins tekur árlega ákvörðun um fjárhæð styrkja. Styrkir eru veittir til framfærslu styrkþega svo og rekstrarkostnaðar á grundvelli upplýsinga sem fram koma í greinargerð með umsókn. Greiðslur eru samkvæmt samningi við FLE og greiðast inn á reikning styrkþega.

4. Matsferli nýrra umsókna

Stjórn sjóðsins metur umsóknir sem berast sjóðnum og ákvarðar um úthlutun styrkja. Verkefnið þarf að vera vel skilgreint og tímaáætlun ljós.

Eftirtaldir vinnureglur eru lagðar til grundvallar við mat umsókna, athugið misþungt vægi skilyrða:

1. Leitast verður við að hraða mati og úthlutun, þannig að ferlið taki innan við tvo mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.
2. Umsóknir sem berast eftir auglýstan umsóknarfrest hljóta ekki afgreiðslu. Ekki er tekið við upplýsingum í persónulegum samtölum eða bréfum.
3. Umsækjendur skulu veita ótvíræð og tæmandi svör við öllum atriðum umsóknareyðublaðsins. Ófullnægjandi/ófullgerðum umsóknum verður vísað frá.
4. Verði af veitingu styrks er gerður skriflegur samningur milli Námsstyrkja- og rannsóknarsjóðs FLE og styrkþega, innan eins mánaðar frá því að styrkur er veittur. Styrkur er greiddur samkvæmt þeim samningi og er hann lagður inn á bankareikning viðkomandi styrkþega. Styrkurinn er ekki staðgreiðsluskyldur en hann er þó skattskyldur og má nánar lesa um rannsóknarstyrki á heimasíðu Ríkisskattstjóra www.rsk.is.

5. Eftirfylgni með styrktum verkefnum og birting niðurstaðna

Eigi síðar en 12 mánuðum eftir að tímaramma verkefnisins lýkur (miðað er við tímaáætlun í umsókn) skal styrkþegi skila lokaskýrslu til sjóðsins. Skýrsla (1-2 bls) er samantekt á rannsókninni með inngangi, meginmáli og kynningu á helstu niðurstöðum verkefnisins og hvar þær hafa verið birtar. Heimilisfang sjóðsins er: Námsstyrkja- og rannsóknarsjóður FLE, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík.

Sjóðurinn fer fram á að niðurstöður styrktra verkefna verði birtar á heimasíðu FLE í opnum aðgangi, nema um annað sé samið. Sjóðurinn telur æskilegt að styrkþegi kynni með erindi á vettvangi félagsins eða grein í FLE blaðið, það verkefni sem hann hefur hlotið styrk til.

Styrkþegar skulu í öllum ritsmíðum sínum um niðurstöður rannsókna sem styrktar eru af sjóðnum geta um þátt hans í viðkomandi verki. Styrkþegar skulu fara að gildandi lögum og almennum reglum við vinnu sína og afla sér allra nauðsynlegra heimilda til verksins eftir því sem við á.